

176 í hús manna, þar sem vatnsæðar liggja, til athugunar á vatnslögninni og eftirlits 5. nív. með vatnsnotkun.

## 4. gr.

Hver sá, sem vill komast í samband við vatnsveitu Hellissands, skal senda hreppsnefnd skriflega umsókn þar um.

## 5. gr.

Skylt er húseigendum að halda vatnsæðum sínum vel við. Skal sérstaklega gæta þess, að ekki frjósi í þeim. Ef hreppsnefnd eða umsjónarmanni vatnsveitunnar þykir í einhverju ábótavant, skal húseigandi tafarlaust bæta úr því, ella geri hreppsnefnd það á hans kostnað.

## 6. gr.

Hreppsnefnd getur fyrirskipað takmörkun á vatnsnotkun, ef skortur er á vatni. Þá getur hún lokað fyrir vatnið þegar þarf vegna hreinsunar á vatnsgeymum eða viðgerðar á vatnsæðum og tenginga á heimæðum. Slik lokun skal tilkynnt fyrirfram ef tók eru á. Fullan vatnsskatt ber að greiða, þótt slik lokun fari fram.

## 7. gr.

Hreppsnefnd er heimilt að loka fyrir vatnið hjá þeim, sem eftir ítrekaða áminningu eyða vatni að óþörfu, eða vanrækja að gera við bilanir á leiðslum sínum, svo og ef þeir hafa vatnsveitum sínum þannig fyrir komið, að óþrif hljóttist af, eða greiða ekki vatnsskatt á réttum gjalddaga.

## 8. gr.

Skylt er hverjum manni að láta af hendi land og landsafnot í þarfir vatnsveitunnar, svo og mannvirki, og þola þær eignakvaðir, óhagræði og takmarkanir á afnotarétti, sem vatnsveitan kann að hafa í för með sér, enda komi fullar bætur fyrir samkvæmt mati, ef ekki næst samkomulag.

## 9. gr.

Hver sá sem skemmir eða saugar vatnsæðar vatnsveitunnar, geymana eða önnur mannvirki, skal greiða fullar bætur fyrir samkvæmt mati tveggja dómkvaddra manna, og sæta sektum, nema þyngri refsing liggir við að lögum.

## 10. gr.

Hver sá sem fær tengt við vatnsveitu Hellissands, skal greiða tengigjald kr. 1 500.00 af hverju húsi.

Af öllum íbúðarhúsum í Hellissandskaupþúni, sem vatn nota, skal greiða vatnsskatt kr. 365.00 á ári og 0.25% af fasteignamati húsa og tilheyrandi lóða. Auk þess skal greiða kr. 365.00 fyrir hverja íbúð, sem búð er í umfram eina í hverju húsi.

Fyrir önnur vatnsafnot skal greiða sem hér segir:

- a. Af hverju tonni af mjöli í verksmiðju kr. 8.00.
- b. Af hverri smálest af innvegnum fiski í fiskiðjuver kr. 2.00.
- c. Fyrir saltfiskþvott kr. 0.50 á smálest hverja af fiski.
- d. Af hverjum vörubíl kr. 150.00, enda sé rennandi vatn á þvottastæði fyrir bifreiðar, a. m. k. yfir sumarmánuðina.
- e. Þegar um fyrirtæki er að ræða, sem nota mikið vatn, s. s. fiskvinnslustöðvar o. fl., getur hreppsnefnd ákveðið að selja vatn um mæli og skal þá greiða kr. 1.00 fyrir smálest. Þegar ákveðið hefur verið að selja vatn um mæli, skal hreppsnefnd útvega mæli og koma honum fyrir, en hlutaðeigandi notandi annast sjálfur viðhald hans. Vanræki vatnsnotandi viðhald mælisins, skal vatnsgjald